

2. gr.

Virðing á fasteign til eignarskatts skv. 22. gr. A-lið laganna skal miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamati margfölduð með 4.5.

3. gr.

Í stað orðanna „100 þús. kr. skattgjaldseign“ í I-lið 26. gr. laganna komi: 200 þús. kr. skattgjaldseign.

4. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra, en í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmanninn til 6 ára í senn. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og er þá oddvita hreppsins skylt að gegna starfanum. Nú hefur umboðsmaður þegar verið skipaður í stað hreppstjóra, og skal sú skipan haldast, meðan hann kýs að sinna starfanum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1967.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 43 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur falla úr gildi 2. og 3. málslíður b-liðs 3. mgr. 4. gr. laga nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og 2. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

- a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við öflun og vinnslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á váttryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum

kostnaði af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.

- b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
- c. Bætur til bræðslusildariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
- d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
- e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði sildarleitarships og um sildargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.

Sjávarútvegsráðgjafar getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í staðliðum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en hinir skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna; Sildarverksmiðja ríkisins og annarra sildarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsa og Sambands íslenzkra samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðherra í hans stað mann með þekkingu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.

Bætur samkvæmt staðliðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a. Allt að einum fjórða til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa.
- b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
- c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra.
- d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.

Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnféð milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðgjafarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 26. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í Reykjavík kemur félagsmálaráð í stað framfærslunefndar og annast framkvæmd framfærslumála. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.